

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra  
mánudaginn 19. nóvember 2007, kl. 14.30,  
í Vesturfarasetrinu á Hofsósi.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

- 1. Verkefnastyrkir 2007**
- 2. Starfs- og fjárhagsáætlun f. árið 2008**
- 3. Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu**
- 4. Heimasíða menningarráðs**
- 5. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra**
- 6. Önnur mál**

**1. Verkefnastyrkir 2007**

Farið var yfir allt ferlið, frá því að úthlutunarreglur voru samdar og til dagsins í dag.

**2. Starfs- og fjárhagsáætlun f. árið 2008**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 var endurskoðuð. Samþykkt að ráða Ingiberg Guðmundsson menningarfulltrúa í fullt starf frá og með 1. janúar nk. Þá voru samþykkt drög að starfsáætlun fyrir næsta ár.

**3. Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu**

Ákveðið að leita eftir samstarfi við Ferðamáladéild Hólaskóla o.fl. aðila um ráðstefnuhald á næsta ári þar sem rædd yrðu málefni menningartengdrar ferðaþjónustu.

**4. Heimasíða menningarráðs**

Samþykkt að heimasíða ráðsins verði áfram vistuð hjá SSNV.

**5. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra**

Borist hafði bréf frá framkvæmdastjóra SSNV um þátttöku í væntanlegum Vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Menningarráðið samþykkti aðild að samningnum með 500 þús. kr. árlegu framlagi næstu þrjú árin. Það framlag er í formi sérfræðivinnu.

**6. Önnur mál**

- A) Valgeir Þorvaldsson framkvæmdastjóri Vesturfarasetursins mætti á fundinn og sagði frá því sem þar er í gangi.
- B) Rætt um umsókn sem barst of seint. Viðkomandi aðila bent á að næsti umsóknarfrestur er 15. mars 2008.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.30.

Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.